

Fundur stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands með formönnum aðildarfélaganna var haldinn á skrifstofu ÍBA/ÍSí á Akureyri 21.nóvember 2014 og hófst kl. 20.00.

Mætt:

Frá stjórn: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson, Sturla Ólafsson, Ása Ólafsdóttir, Gry Ek og Sigfús Fossdal (varamaður)

Mætt var fyrir KFA, Gróttu, KDK, KFV, Massa, Breiðablik, Ármann og Akranes. Auk þess gestir sem fyrirhuga að stofna félag á Sauðárkrók.

Þetta gerðist:

1. Sigurjón setti fundinn og bauð menn velkomna. Hann þakkaði húsráðendur fyrir afnot af húsnæði og KFA fyrir góðar veitingar.
2. Viðar Sigurjónsson, skrifstofustjóri ÍSí á Akureyri, var gestur fundarins og gaf Sigurjón honum orðið. Viðar kynnti sig og sagði svo frá verkefninu Fyrirmyndarfélag ÍSí. Hann taldi upp kosti þess og hvatti félögin til að gerast fyrirmyndarfélög. Í undirbúningi er sams konar fyrirkomulag varðandi íþróttahéruð og sérsambönd og sammældust menn um að kraftlyftingasambandið skuli verða með fyrstu fyrirmyndarsamböndum ÍSí þegar þar að kemur. Viðar sagði svo í stuttu máli frá skipulagi þjálfaramenntunnar innan ÍSí. Sigurjón þakkaði Viðari fyrir góða kynningu og hvatti félögin til að afla sér viðurkenningar sem fyrirmyndarfélag.
3. Endurskoðun afreksstefnu KRAFT.
Afreksstefnan er í endurskoðun og á að leggja hana fyrir formannafund að hausti. Sigurjón bauð upp á umræður og tóku nokkrir til máls. Umræðan snérist helst um val í landsliðið; hver hefur ákvörðunarvaldið og á hvaða forsendum er valið. KFA reifaði hugmynd um samtök þjálfara sem hefðu samstarf og skoðanaskipti sín á milli og gætu jafnframt lagt fram ábendingar til landsliðsnefndar um efnilega keppendur. Kári benti á að auðvelt væri fyrir þjálfara að hefja samstarf án þess að það kæmi fram í afreksstefnu. Sigurjón bað um skriflega tillögu um málið sem hægt væri að taka til umræðu á þingi í janúar.
Gróttu óskaði eftir að skýrt yrði í nýju afreksstefnunni hvort kraftlyftingar með og án búnaðar yrðu metnar til jafns og hvort keppni í stakri grein yrði gert jafn hátt undir höfði og keppni í þríþraut bæði varðandi ferðastyrki og umsóknir í afrekssjóð
Umsóknarfrestur í afrekssjóð fyrir 2015 er að renna út og er stjórnin önnur kafin við að ganga frá skýrslum og umsóknum. Sigurjón bauð upp á sérstakan fund með landsliðsnefnd þar sem menn geta fengið að setja fram sín sjónarmið.
4. Breyttar áherslur hjá stjórn
Sigurjón sagði frá umræðu í stjórn um breyttar áherslur á næstu árum. Stjórnin vill auka áherslu á uppbyggingu innanlands, fræðslumál, aukna fagmennsku í starfi og aukið lyfjaeftirlit bæði í og utan keppni. Það þýðir óhjákvæmilega lægri upphæði í landsliðsverkefni.
5. Kraftlyftingaþjálfun og móttaka nýliða
Gry sagði frá kraftlyftingaþjálfara 1 námskeiði sem verður haldið eftir áramót. Það verður nánar kynnt í tölvupóstum til formanna og á kraft.is. Skráning fer fram gegnum félögin og Gry lagði áherslu á að félögin velji gott folk til þátttöku og tryggi að þekkingin skili sér inn í starf félagsins að loknu námskeiði.
Gry hvatti öll félög til að móta hjá sér ferli til móttöku nýliða, hafa það einfalt en skilvirkt og traust og raunhæft miðað við aðstæður á hverjum stað.

6. Endurskoðun reglugerða.
Ása sagði frá gangi máli í endurskoðun laga og reglugerða KRAFT. Málið hefur undið upp á sig og orðið viðameira en var fyrirséð í upphafi. Nú er verið að samræma landsliðssamningana við kröfur afrekssjóðs. Ása lýsti eftir hugmyndum og góðum tillögum frá félögum. Sigurjón tok undir orð Ásu og benti á að nauðsynlegt er að setja tillögur fram skriflega til að hægt sé að ræða þær. Hann hrósaði Gróttu sérstaklega fyrir að vanda sín erindi til stjórnar vel.
7. Landsliðsviðmið fyrir klassískar kraftlyftingar.
Sturla kynnti og lagði áherslu á að hér, eins og í viðmiðum fyrir kraftlyftingar í búnaði, eru um viðmið en ekki lágmark að ræða.
Grótta taldi viðmiðin ósanngjörn og vildu sjá að viðmiðin í keppni í búnaði yrðu uppfærð. Félagið mun leggja fram skriflega tillögu að viðmiðum eins og þau vilja sjá þau.
Nokkur umræða var um skiptingu viðmiða í A, B og C viðmið.
8. Önnur mál
 - a. KfV gerði að umtalsefni ákvæði sett í reglur á nýafstöðnu þingi IPF þar sem singlet og belti eru færð undir reglur um tiltekna framleiðendur. Ákvæðið hefur sætt talsverða gagnrýni og lagði KfV til að Kraft samþykkti undanþágu eða aðlögunartíma vegna þessara breytinga. Sigurjón bað um skriflegt erindi til stjórnar og mun það væntanlega berast innan tíðar.
 - b. KfV lýsti eftir framtíðarsýn sambandsins varðandi landsliðsþjálfun og ferðir þjálfara með keppendum á alþjóðamót. Slíkar ferðir eru dýrar og taka drjúgan skerf af fé sambandsins, þess vegna er nauðsynlegt að finna hagkvæmar lausnir.

Sigurjón þakkaði mönnum fundarstörfin og góðar umræður. Hann óskaði öllum góðs gengis á bikarmótið og sleit fundi kl. 22.30

Fundarritari Gry Ek